

2. fundur skólaráðs skólaárið 2025-2026 - 4. mars kl. 14:15

Mæting: Þorgeir, Sarah, Stefán, Ingibjörg, Hóbbi, Sigga, Katla, Ágúst.

1. Olweusaráætlunin gegn einelti

Lítið unnið markvisst með áætlunina í vetur en teymi þó hvött til að ræða reglulega um eineltismál, fara yfir eineltishringinn o.s.frv. Héldum bekkjarfundi með foreldrum í öllum hópum sl. haust sem tókust ágætlega. Höldum áfram að vinna að eineltisforvörnum og nýtum þau verkfæri sem áætlunin býður upp á við það sem og við vinnslu og úrlausn mála. Alltaf einhverjir samskiptaörðugleikar sem verið er að vinna með og einnig dæmi um þyngri eineltismál sem hafa komið upp og hefur þurft að vinna úr. Við erum að nýta aðstoð fagaðilar utan skólar þegar á við.

Búið er að skrifa undir samning við Akureyrarbæ um skólalþjónustu og fleira, sem er mun ítarlegra útfærður en hefur verið áður. Við erum einnig í samstarfi við Bergið, nemendur og starfsfólk hafa fengið fræðslu um þá starfsemi. Gunna er tengiliði farsældar í skólanum og geta nemendur og foreldrar leitað til hennar varðandi ýmis mál.

2. Hvernig hefur skólaárið gengið?

Skólastarfið heilt yfir gengið vel, jafnvægi í bæði starfsmanna- og nemendahópum. Höfum haldið okkur við svipað kerfi undanfarin ár varðandi teymiskennslu, morgunstundir, skipulag skóladags og fleira, almenn ánægja með kerfið virðist vera. Við munum halda áfram að þróa okkur áfram, halda í það sem gott er en reyna að bæta það sem hægt er að bæta.

3. Skóladagatal 2026-2027 og hópaskipting

Skóladagatal 2026-2027 lagt fram. Er með svipuðu sniði og síðustu ár. Þorrablót orðinn fastur liður á dagatalinu og við höfum sömuleiðis tvo viðtalsdaga í febrúar líkt og hefur verið sl. 2 ár og tekist nokkuð vel. Annar hópurinn kemur þá í viðtöl fyrri daginn á meðan hinn hópurinn fer á milli stöðva og svo svissast það síðari daginn. Vorskemmtun áætluð í næst síðustu viku fyrir páskafrí líkt og síðustu ár. Hefur lukkast vel, skemmri en snarpari undirbúningur fyrir Vorskemmtun og gefur svo kost á kennsluviku fyrir páskafrí. Stöðu- og framvindupróf Matsferils í lesskilningi og stærðfræði lögð fyrir í mars. Líklegt að vetrarfrí verði í kringum sumardaginn fyrsta að þessu sinni þar sem stefnt er á sameiginlega námsferð leik- og grunnskóla á þeim tíma. Einnig frí á öskudag. Litlu jól verður uppbrotsdagur í staðinn fyrir tvöfaldur dagur.

Hópaskipting verður með sama móti á komandi skólaári, skipt eftir stigum í grunninn en teymi skipta þeim hópum svo eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni í smærri hópa. Stefnir að óbreytti í að nemendur verði 14 nemendur á unglíngastigi, 13 nemendur á miðstigi og 17 nemendur á yngsta stigi. 44 nemendur í heildina, með því allra minnsta í sögu skólans, og vonandi að við séum komin á botnin og sú þróun fari að snúast við.

4. Skólahúsnæði og skólalóð: Framkvæmdir, öryggi, aðbúnaður o.s.frv.

Búið að endurnýja tvo þriðju af gluggum í húsinu, ásamt flestum hurðum. Síðasta umferðin tekin í vor/sumar og verkið klárað. Búið að endurnýja lýsingu í íþróttahúsi, mikil bragarbót. Áfram stefnt að því að setja lyftu í húsið, framkvæmd sem hefur verið talað um lengi. Verið að skoða með fjármögnun og styrkjarmöguleika í því samhengi. Það var sett ný innrétting í eldhúsið. Stefnt er á að setja pall fyrir neðan stigann við innganginn í íþróttamiðstöðina.

5. Önnur mál

a. Starfsmannamál

Ljóst að nokkur breyting verður á starfsmannahópnum næsta vetur. Tveir kennarar að koma aftur úr fæðingarorlofi og þá er skólastjóri að fara í námsleyfi í eitt ár og þarf því að leysa hans stöðu tímabundið. Ekki alveg útséð með allar vendingar í þessum efnum þar sem starfsmannasamtöl standa yfir og auðvitað getur alltaf eitthvað breyst fram á vor/sumar.

b. Frístund

Frístund, eða skólavistun, í boði fyrir nemendur í 1.-4. bekk í fyrsta skiptið í nokkur ár. Flestir nemendur í 1. og 2. bekk eru í frístund auk einhverra eldri nemenda og hefur almennt gengið mjög vel. Verður áfram í boði á næsta ári nema eftirspurning verði lítil sem engin og/eða ekki gangi að fá starfsmann í verkefnið.

c. Matsferill - stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði

Stöðu- og framvindupróf í Matsferli verða lögð fyrir í mars í fyrsta skiptið (verður lagt fyrir í 4.-10. bekk). Verður afar áhugavert að sjá hvernig til tekst og miklar væntingar gerðar til þess að prófin veiti góða endurgjöf á stöðu nemenda og aðstoði kennara við að skipuleggja nám og kennslu út frá niðurstöðunum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00.